

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003,
með síðari breytingum (kerfisáætlun).

Frá minni hluta atvinnuveganefndar (LRM).

Við 2. gr.

- a. Í stað orðanna „raforkunotkunar, markaðsþróunar og raforkuflutnings til annarra landa eftir því sem við á“ í 3. mgr. a-liðar (9. gr. a) komi: raforkunotkunar og markaðsþróunar.
- b. Við b-lið (9. gr. b) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvörðun Orkustofnunar um samþykkt eða synjun kerfisáætlunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.